

# Ársskýrsla 2018

Þjóðskjalasafn Íslands



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Ársskýrsla 2018**
Þjóðskjalasafn Íslands

**Útgefandi:**
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
5903300
upplysingar@skjalasafn.is
www.skjalasafn.is

© Desember 2019 Þjóðskjalasafn Íslands

# Ársskýrsla
# Þjóðskjalasafns Íslands 2018

Yfirlit um starfsemi

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

# EFNISYFIRLIT

**Ávarp þjóðskjalavarðar ........................................ 5**

**1. Þjóðskjalasafn ........................................ 6**
Hlutverk ........................................ 6

**2. Fullveldisafmæli 1. desember í Þjóðskjalasafni Íslands ........................................ 7**

**3. Innri starfsemi ........................................ 8**
Stjórnarnefnd ........................................ 8
Skipurit ........................................ 9
Framkvæmdastjórn Þjóðskjalasafns Íslands árið 2018: ........................................ 9
Rekstrar- og efnahagsreikningur ........................................ 10
Mannauður og mannaflaþörf ........................................ 10
Þjóðskjalasafn Íslands hlýtur jafnlaunavottun ........................................ 12

**4. Eftirlit og reglusetning ........................................ 13**
Eftirlit með sveitarfélögum ........................................ 13
Eftirlit með héraðsskjalasöfnum ........................................ 14
Reglur um skráningu mála og málsgagna ........................................ 14

**5. Viðtaka og varðveisla ........................................ 15**
Afhendingar pappírsskjala ........................................ 15
Afhendingar rafrænna gagna ........................................ 16
Grisjunarbeiðnir ........................................ 17
Málalyklar og skjalavistunaráætlanir ........................................ 17
Rafræn skjalavarsla ........................................ 18
Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila ........................................ 18
Frágangur og skráning skjalasafna ........................................ 19
Þrotabúsverkefni ........................................ 20
Skráning hagsögugagna ........................................ 20
Forvarsla ........................................ 21

**6. Aðgengi og þjónusta ........................................ 22**
Skjalaskrá og einkaskjalasafn.is ........................................ 22
Útlán og notkun skjala ........................................ 23
Fyrirspurnir vegna safnkosts ........................................ 23
Heimsóknir á lestrarsal ........................................ 24

**7. Rannsóknir og miðlun** ........ **25**
Þjóðlenduverkefnið – Óbyggðanefnd ........ 25
Stafræn afritun í samstarfi við FamilySearch ........ 26
Nordisk Arkivnyt og Nordisk Arkivportal ........ 26
Skráningarverkefni á Ísafirði ........ 26
Vefmiðlun ........ 26
Landsnefndin fyrri 1770-1771 ........ 27
Danska sendingin 1928 ........ 27
Heimild mánaðarins ........ 28

**8. Sýningar, viðburðir og móttaka hópa** ........ **29**
Lífsblómið ........ 29
Safnanótt ........ 30
Norræni skjaladagurinn ........ 30

**9. Héraðsskjalasöfn** ........ **31**
Styrkir til héraðsskjalasafna ........ 31
Samstarf opinberra skjalasafna ........ 31

**10. Kennsla í skjalfræði við Háskóla Íslands** ........ **33**

**11. Alþjóðlegt samstarf** ........ **34**
Norrænir skjaladagar 2018 ........ 34
Ráðstefna Alþjóða skjalaráðsins ........ 34
Fundir ríkisskjalavarða Norðurlanda ........ 34

**Viðaukar** ........ **35**
Viðauki 1 - Starfsfólk Þjóðskjalasafns 1. desember 2018 ........ 36
Viðauki 2 - Afhendingar 2018 ........ 37
Viðauki 3 - Útgefnar bækur ........ 44
Viðauki 4 - Útgefnar skýrslur ........ 44
Viðauki 5 - Erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns ........ 45

# ÁVARP ÞJÓÐSKJALAVARÐAR

Mikilvægasti áfangi ársins 2018 var án efa jafnlaunavottun safnsins. Í desembermánuði var formlegum úttektum á jafnlaunakerfi Þjóðskjalasafns lokið. Á Þjóðskjalasafni vinna um 35 manns og hefur kynjahlutfall á safninu verið nokkuð jafnt um margra ára skeið. Undanfari jafnlaunavottunar var ítarleg greining starfa og voru nauðsynlegar leiðréttingar gerðar í framhaldi af því.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur unnið samkvæmt stefnumörkun 2014-2018. Á árinu var hafin endurskoðun á þeirri stefnu. Mikið er framundan í þeirri vinnu, bæði innan Þjóðskjalasafns og í tengslum við vinnu við menningarstefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Reglur um skráningu mála og málsgagna voru settar á árinu og eru mikilvægur áfangi í að bæta umhverfi skjalavörslu og skjalastjórnar. Eftirlit Þjóðskjalasafns er einnig í þróun. Áður hefur verið unnið skipulega að eftirliti með afhendingarskyldum aðilum ríkisins. Á þessu ári voru gefnar út fyrstu skýrslurnar sem birta niðurstöður eftirlits með annars vegar sveitarfélögum, sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns, og hins vegar með starfsemi héraðsskjalasafna.

Fullveldisafmælið markaði spor í starfsemi ársins. Sögusýning um fullveldið var opnuð 18. júlí í Listasafni Íslands í samvinnu við Listasafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Á fullveldisafmælinu sjálfu, 1. desember 2018, var samkoma í Þjóðskjalasafni, þar sem tekið var á móti forsætisráðherra Dana sem kom í fylgd Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og Lilju D. Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra.

Árið 2018 var síðasta heila starfsár Eiríks G. Guðmundssonar sem þjóðskjalavörður. Hann sagði starfi sínu lausu í september og á haustdögum var embættið auglýst laust til umsóknar. Ársskýrsla þessi greinir frá síðasta starfsári Eiríks í embætti en undirrituð tók við 1. mars síðastliðinn. Eiríki er þakkað gott starf í þágu safnsins og velfarnaðar á nýjum vettvangi, með góðri kveðju frá starfsmönnum safnsins.

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Hrefna Róbertsdóttir

# 1.

# ÞJÓÐSKJALASAFN

Þjóðskjalasafn Íslands starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Samkvæmt þeim hefur safnið eftirlit með framkvæmd opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar fyrir hönd ráðherra og gegnir jafnframt hlutverki opinbers skjalasafns.

Lög um opinber skjalasöfn mynda lagaramma fyrir skjalavörslu og skjalastjórn opinberra aðila á Íslandi, bæði ríkis og sveitarfélaga. Þjóðskjalasafn Íslands hefur því ríku hlutverki að gegna í skjalavörslu og skjalastjórn ríkis og sveitarfélaga, m.a. með setningu reglna, ákvörðun um grisjun skjala, samþykkt skjalavistunarkerfa og eftirliti með skjalahaldi opinberra aðila. Margvísleg lög hafa bein áhrif á starfsemi opinberra skjalasafna, auk laga um opinber skjalasöfn. Má þar nefna upplýsingalög nr. 140/2012 og stjórnsýslulög nr. 37/1993. Þá má nefna lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Öll þessi lög hafa áhrif á myndun og meðhöndlun opinberra skjala.

## Hlutverk

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn gegnir Þjóðskjalasafn Íslands því hlutverki að vera framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar í landinu. Það fer þannig með yfirstjórn skjalamála í landinu en auk þess hefur það hlutverk opinbers skjalasafns eins og héraðsskjalasöfnin.

Þjóðskjalasafnið setur reglur um frágang skjalasafna, varðveislu og förgun gagna. Reglurnar þurfa staðfestingu ráðherra. Þá hefur safnið aðkomu að stofnun héraðsskjalasafna og hefur eftirlit með þeim.

Hlutverk Þjóðskjalasafns sem opinbers skjalasafns er að taka til varðveislu skjöl frá afhendingarskyldum aðilum, bæði á rafrænu formi og á pappír, en safnið tekur einnig við gögnum frá einstaklingum og félögum. Þjóðskjalasafn veitir aðgang að safnkosti sínum með því að halda skrár yfir hann, hafa skjöl aðgengileg til notkunar á lestrarsal og taka ákvarðanir um aðgengi að skjölum sem innihalda upplýsingar sem krefjast aðgangstakmarkana lögum samkvæmt. Safnið gengst fyrir rannsóknum á safnkostinum og veitir fræðslu um og aðgengi að mikilvægum heimildum þjóðarsögunnar. Það gerir safnið með útgáfu mikilvægra skjala á prenti og með því að birta á vefjum sínum eftirsóttar heimildir í stafrænum búningi.

Þjóðskjalasafn hefur jafnframt eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga, sem eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni, með það að markmiði að tryggja vörslu, aðgengi og örugga meðferð opinberra upplýsinga.

Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 600 talsins. Safnið tekur jafnframt til varðveislu skjöl einkaaðila. Safnkostur Þjóðskjalasafns taldi í árslok 2018 um 43,5 hillukílómetra af skjölum.

# 2.

## FULLVELDISAFMÆLI 1. DESEMBER Í ÞJÓÐSKJALASAFNI ÍSLANDS

Þann 1. desember 2018 urðu tímamót í birtingu stafrænna gagna sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni með opnum vefsins www.heimildir.is.

Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, opnaði vefinn við athöfn í Þjóðskjalasafni, þar sem viðstaddir voru meðal annarra forsætisráðherra Íslands og Danmerkur. Á vefnum er veitt aðgengi að ýmsum skjölum og skjalabókum sem hafa á undanförnum árum verið ljósmyndaðar eða skannaðar. Mestu munar þar um samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns og FamilySearch þar sem fulltrúar þeirra síðarnefndu vinna að skönnun mikils magns persónuheimilda sem síðan eru birt á vef safnsins. Meðal nýmæla má nefna að á vefsíðunni er landfræðileg vefsjá þar sem hægt er að nálgast allar prestþjónustubækur og sóknarmanntöl sem varðveist hafa og geta þannig allir fengið aðgang að þessum mikilvægu heimildum í gegnum netið. Þá má nefna að á síðunni er gert ráð fyrir vefsýningum og leit fyrsta vefsýningin dagsins ljós þann 1. desember og fjallar hún um Konungsríkið Ísland. Þar er gerð grein fyrir ýmsum skjölum sem varða Konungsríkið, sem var frá 1918–1944.



Eiríkur G. Guðmundsson, Lars Løkke Rasmussen, Sólrun Løkke Rasmussen, Katrín Jakobsdóttir og Lilja Alfreðsdóttir.

Á hátíðarsamkomunni 1. desember afhenti forsætisráðherra Danmerkur, Lars Løkke Rasmussen stafræn afrit af skjölum, sem eiga uppruna sinn í danska utanríkisráðuneytinu og eru nú varðveitt í danska ríkisskjalasafninu. Um er að ræða skjöl sem fjalla um samskipti Íslands og Danmerkur og varpa meðal annars nýju ljósi á viðhorf dönsku stjórnsýslunnar til sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Einnig voru afhent stafræn afrit af gögnum hinnar svokölluðu Dansk-íslensku nefndar, sem hafði það hlutverk að fjalla um sameiginleg mál ríkjanna. Gögnin eru nú aðgengileg á vefnum **www.heimildir.is.**



# 3.

# INNRI STARFSEMI

## Stjórnarnefnd

Þjóðskjalasafn Íslands heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ráðuneytið skipar stjórnarnefnd safnsins sem er forstöðumanni þess, þjóðskjalaverði, til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess.

Stjórnarnefnd veitir þjóðskjalaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

### Stjórnarnefnd er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra. Hana skipuðu árið 2018:

**Anna Agnarsdóttir,**
formaður, skipuð án tilnefningar.

**Guðmundur Jónsson,**
varaformaður, tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

**Jóhanna Gunnlaugsdóttir,**
tilnefnd af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

**Helga Jóna Eiríksdóttir,**
tilnefnd af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

**Svanhildur Bogadóttir,**
tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Gunnar Gíslason,**
tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.




Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands árið 2018. Á myndina vantar Gunnar Gíslason.

Skipurit Þjóðskjalasafns

Frá 1. desember 2016




## Varamenn:

**Kristjana Kristinsdóttir,**
tilnefnd af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

**Ómar H. Kristmundsson,**
tilnefndur af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

**Gunnar Örn Hannesson,**
tilnefndur af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

**Jóna Símonía Bjarnadóttir,**
tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Ágúst Sigurðsson,**
tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stjórnarnefndin fundaði þrisvar á árinu, 21. mars 2018, 16. október 2018 og 28. nóvember 2018. Fundargerðir stjórnarnefndar eru birtar á vef safnsins. Á síðasta fundi stjórnarnefndarinnar var Eiríkur G. Guðmundsson kvaddur af stjórnarnefndinni, en hann hafði þá sagt starfi sínu lausu vegna aldurs. Honum voru þökkuð vel unnin störf á liðnum árum.

## Skipurit

Skipurit Þjóðskjalasafns tók gildi 1. desember 2016, í því er starfseminni skipt niður í tvö fagsvið og eitt stoðsvið. Fagsviðin eru upplýsinga- og skjalasvið og varðveislu- og miðlunarsvið sem studd eru af rekstrarsviði, þvert á starfsemina.

## Framkvæmdastjórn Þjóðskjalasafns Íslands árið 2018:

**Eiríkur G. Guðmundsson,**
þjóðskjalavörður

**Anna Elínborg Gunnarsdóttir,**
fjármálastjóri

**Hrefna Róbertsdóttir,**
sviðsstjóri varðveislu- og miðlunarsviðs

**Njörður Sigurðsson,**
sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

| Rekstraryfirlit (m.kr.) | Raun 2018 | Áætlun 2018 | Frávik |
|---|---|---|---|
| Sértekjur | -63,6 | -59,3 | -4,3 |
| Laun og launatengd gjöld | 299,2 | 284,8 | 14,4 |
| Ferðir og fundir | 8,6 | 10,9 | -2,3 |
| Rekstrarvörur | 13,2 | 15,4 | -2,2 |
| Aðkeypt þjónusta | 52,3 | 57,8 | -5,5 |
| Húsnæði | 31,3 | 29,5 | 1,8 |
| Vextir | 0,4 | 0,2 | 0,2 |
| Afskriftir | 8,4 | 7,4 | 1 |
| Tilfærslur | 30,8 | 33,6 | -2,8 |
| Framlag ríkissjóðs til héraðsskjalasafna | -31,4 | -31,4 | 0 |
| Framlag ríkissjóðs | -345,3 | -348,9 | 3,6 |
| Rekstrarniðurstaða: | 3,9 | | 3,9 |

## Rekstrar- og efnahagsreikningur

Afkoma Þjóðskjalasafns Íslands var neikvæð um 3,9 m.kr. á árinu 2018. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru 341,4 m.kr. Til viðbótar eru gjaldfærðar afskriftir 8,4 m.kr. Samkvæmt fjárlögum ársins var framlag ríkissjóðs til Þjóðskjalasafns 376,7 m.kr., þar af var framlag til héraðsskjalasafna 31,4 m.kr.

Í árslok 2018 var fjárheimildastaðan neikvæð um 3,9 m.kr., er það að vegna endurmats á launareikningi stofnunarinnar 4,8 m.kr. Launakostnaður er 5,1% hærri en áætlun gerði ráð fyrir, er það meðal annars vegna launaleiðréttinga og frávika á óútskýrðum launamun skv. jafnlaunavottun.

## Mannauður og mannaflaþörf

Í árslok 2018 störfuðu 38 starfsmenn hjá Þjóðskjalasafni Íslands, þar af voru 10 starfsmenn í hlutastörfum. Ársverk við safnið 2018 voru 33. Þar af eru 2,6 ársverk vegna vinnu fyrir Óbyggðanefnd, 1,1 vegna skráningarverkefna á Ísafirði, 0,5 vegna kennslu í skjalfræði og 1,5 ársverk vegna vinnu við frágang og skráningu á skjalasöfnum sem unnin eru gegn greiðslu.
Hlutfall karla er 58% og kvenna 42%. Starfsmenn safnsins búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði skjalavörslu og skjalastjórnar, sem og á sviði stjórnsýslusögu og miðlunar. Meðalstarfsaldur starfsmanna er um 9 ár og 39,5% starfsmanna hafa starfað hjá Þjóðskjalasafni lengur en í 10 ár. Menntunarstig hjá safninu er hátt en ríflega 84% starfsmanna hefur lokið háskólaprófi og ríflega 50% hafa lokið meistaranámi.

Nokkrar mannabreytingar urðu á árinu, tveir starfsmenn fóru í fæðingarorlof, einn starfsmaður lét af störfum, annar var ráðinn tímabundið í annað verkefni og fimm sumarstarfsmenn ráðnir, af þeim voru tveir í hlutastarfi allt árið og þrír ráðnir í hlutastörf með háskólanámi til áramóta.


Starfsfólk Þjóðskjalasafns Íslands

Starfsmenn sóttu endurmenntun af ýmsu tagi á árinu til að viðhalda og auka faglega þekkingu sína. Lögð er áhersla á markvissa upplýsingagjöf til starfsmanna meðal annars með reglubundnum starfsmannafundum og föstudagsfréttum þjóðskjalavarðar. Öskjufundir eru mánaðarlegir fyrirlestrar á vegum Starfsmannafélags Þjóðskjalasafns og gefst þar m.a. tækifæri til að kynna viðfangsefni og rannsóknir starfsfólks.

Þjóðskjalasafn hefur um árabil skort fleira starfsfólk til ýmissa verkefna sem stofnuninni hefur að lögum verið falið að sinna. Samkvæmt mannaflaspá sem gerð var í byrjun árs 2014 er talið að safnið þurfi á annan tug ársverka til viðbótar. Þessi staða hefur ekki breyst.Var mat þetta byggt á umfangi starfseminnar, því skjalamagni sem safnið varðveitti þá, því skjalamagni sem safninu myndi berast á næstu árum, stóraukinni rafrænni stjórnsýslu og umsýslu rafrænna gagna, ásamt aukinni miðlun safnkostsins.

## Þjóðskjalasafn Íslands hlýtur jafnlaunavottun

Þjóðskjalasafn Íslands hefur hlotið jafnlaunavottun og leyfi Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerkið 2019 – 2022. Jafnlaunavottun er staðfesting á að stofnunin starfræki launakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Formlegum úttektum á jafnlaunakerfi Þjóðskjalasafns lauk í desember 2018. Það var BSI á Íslandi sem framkvæmdi úttektina. Þjóðskjalasafn Íslands var fyrsta stofnun mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að hljóta þessa vottun.

Jafnlaunakerfi Þjóðskjalasafns Íslands nær til alls starfsfólks stofnunarinnar. Þetta þýðir að Þjóðskjalasafn Íslands uppfyllir öll skilyrði lögbundins jafnlaunastaðals og er staðfesting á því að launakerfi stofnunarinnar standist kröfur um launajafnrétti kynja á vinnustöðum.

Jafnlaunavottun felur í sér faglega úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á kjör karla og kvenna. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

# 4.

# EFTIRLIT OG REGLUSETNING

Árið 2018 komu út tvær skýrslur með niðurstöðum úr eftirlitskönnunum Þjóðskjalasafns. Annars vegar um skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem afhendingarskyldar eru til Þjóðskjalasafns Íslands og hins vegar um starfsemi héraðsskjalasafna. Í byrjum árs 2018 setti Þjóðskjalasafn fyrstu reglur um skráningu mála og málsgagna afhendingarskyldra aðila.

## Eftirlit með sveitarfélögum

Sveitarfélög, sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni, eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands. Í því felst einnig að Þjóðskjalasafn hefur eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn þessara sveitarfélaga og stofnana sem undir þau heyra. Í lok árs 2017 var rafræn könnun send út til sveitarstjórnarskrifstofa, sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns, og var unnið úr niðurstöðum hennar árið 2018. Þetta er í fyrsta skipti sem Þjóðskjalasafn kannar stöðu skjalamála sveitarfélaga, sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns, en hefur þrisvar áður kannað stöðu skjalamála ríkisins (2004, 2012 og 2016). Niðurstöður könnunarinnar sýna að ástand skjalavörslu og skjalastjórnar hjá þessum sveitarstjórnarskrifstofum er þokkalegt. Meginvandi þeirra er að rafræn skjalavarsla á grundvelli reglna Þjóðskjalasafns og skil til safnsins er mjög skammt á veg komin. Í skýrslunni eru upplýsingar um könnunina, tölulegar niðurstöður og umfjöllun um meginniðurstöður. Þar eru einnig tillögur til úrbóta og nefnt hver gætu verið næstu skref í skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa. Skýrslan var prentuð og einnig gefin út á vef Þjóðskjalasafns.

Á fundi opinberra skjalasafna.






Skýrsla um niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns árið 2017 um starfsemi héraðsskjalasafna.

## Eftirlit með héraðsskjalasöfnum

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 hefur Þjóðskjalasafn Íslands eftirlit með rekstri héraðsskjalasafna. Árið 2017 sendi Þjóðskjalasafn héraðsskjalasöfnum spurningakönnun í því skyni að uppfylla þessa eftirlitsskyldu sína. Í desember síðastliðnum kom út skýrsla með samanteknum niðurstöðum úr þessari könnun. Í skýrslunni eru birtar niðurstöður um starfsemi allra 20 héraðsskjalasafnanna sem í landinu starfa og tillögur til úrbóta þar sem það á við. Auk þessarar skýrslu voru unnar skýrslur fyrir hvert og eitt héraðsskjalasafn byggðar á svörum hvers safns. Skýrslur um starfsemi einstakra héraðsskjalasafna voru sendar héraðsskjalasöfnum og sveitarfélögum, sem eru aðilar að viðkomandi héraðsskjalasöfnum, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Skýrslan var bæði prentuð og gefin út á vef Þjóðskjalasafns.

Helstu niðurstöður eftirlitskönnunar með starfsemi héraðsskjalasafna er að héraðsskjalasöfn geta ekki sinnt lögbundnum verkefnum eins og þau eru mönnuð í dag. Niðurstöður könnunarinnar voru m.a. að ekkert héraðsskjalasafn hafði tekið við rafrænum gögnum frá afhendingarskyldum aðilum til varðveislu, eftirliti með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila var ábótavant, samþykkt málalykla og skjalavistunaráætlana var verulega ábótavant, afritun mikilvægra skjala úr safnkostinum var skammt á veg komin og skýrslugjöf til Þjóðskjalasafns var takmörkuð þrátt fyrir lagaboð. Í skýrslunni er bent á að nauðsynlegt sé að efla starfsemi héraðsskjalasafna og að ráðlegt sé að endurskoða heildstætt skjalavörslu og skjalastjórn á sveitarstjórnarstiginu öllu. Tryggja þurfi að varsla skjala allra sveitarfélaga til langs tíma samkvæmt kröfum nútímans verði tryggð. Nær víst er að hagkvæmast og faglega sterkast sé að auka samstarf sveitarfélaga og leita sameiginlegra lausna á þessum vettvangi.

## Reglur um skráningu mála og málsgagna

Þann 1. febrúar 2018 tóku gildi nýjar reglur nr. 85/2018 um skráningu mála og málsgagna afhendingarskyldra aðila. Aðdragandi að setningu reglnanna var nokkuð langur. Í desember 2015 auglýsti Þjóðskjalasafn drög að reglunum til umsagnar. Í upphafi árs 2016 var unnið úr umsögnunum og tóku reglurnar smávægilegum breytingum í því ferli. Lögbundið samráð var haft við mennta- og menningarmálaráðuneytið og voru reglurnar loks staðfestar af ráðherra 29. desember 2017. Reglurnar eru settar á grundvelli 23. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn þar sem kveðið er á um setningu reglna um skráningu mála og málsgagna. Með setningu reglnanna er í fyrsta skipti kveðið sérstaklega á um hvaða upplýsingar afhendingarskyldir aðilar skuli skrá um mál, annars vegar, og málsgögn, hins vegar, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá þeim. Vakin er athygli á því að í 1. gr. reglnanna eru hugtökin mál og málsgögn skilgreind.

# 5.

## VIÐTAKA OG VARÐVEISLA

Þjóðskjalasafn Íslands á lögum samkvæmt að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni. Pappírsskjöl skal afhenda þegar þau eru orðin 30 ára gömul og rafræn gögn að jafnaði ekki eldri en fimm ára. Þá tekur Þjóðskjalasafn Íslands við skjölum frá einkaaðilum, þ.e. félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum.

### Afhendingar pappírsskjala

Í janúar 2018 var Þjóðskjalasafni nauðugur sá kostur að samþykkja engar nýjar afhendingar vegna þess að áætlanir um endurbætur á geymsluhúsnæði safnsins hafa ekki staðist. Afhendingar á pappírsskjölum afhendingarskyldra aðila á árinu voru því aðeins afhendingar sem þegar höfðu verið samþykktar inn til safnsins. Tekið var við afhendingarbeiðnum og þær settar á biðlista með því fororði að þegar úrlausn í geymslumálum safnsins liggur fyrir verði þær afgreiddar.

Umsjón með ákvörðunum um viðtöku skjalasafna til Þjóðskjalasafns hefur hópur af ráðgjöfum safnsins á upplýsinga- og skjalasviði, svokallaður viðtökuhópur. Viðtökuhópur fundaði átta sinnum á árinu, einkum til að fara yfir stöðu á afhendingum og afhendingarbeiðnum til safnsins. Í lok árs 2018 voru um 15 afhendingarbeiðnir á biðlista sem telja um 850 hillumetra.

Þrátt fyrir að engar nýjar afhendingar hefðu verið samþykktar inn til safnsins á árinu tók safnið við 926 hillumetrum af skjölum í 135 afhendingum sem áður höfðu verið samþykktar. Þar af voru 29 afhendingar frá opinberum aðilum sem töldu samtals 691 hillumetra. Afhendingar einkaaðila voru fleiri eða 90 talsins en voru minni að umfangi eða samtals 186 hillumetrar. Þá tók safnið við 39 hillumetrum af þrota- og dánarbúum í sex afhendingum og 24 hillumetrum af sjúkraskrám í 10 afhendingum.

**Hillumetrar pappírsskjala í Þjóðskjalasafni 1985 – 2018**



**Hillumetrar pappírsskjala afhentir Þjóðskjalasafni 2004-2018**




**Afhent pappírsskjalasöfn í hillumetrum árið 2014-2018**




Heildarsafnkostur Þjóðskjalasafns í lok árs 2018 var um 43.500 hillumetrar en það er minnkun um 1.390 hillumetra á milli ára en heildarsafnkostur í lok árs 2017 var 44.928 hillumetrar. Ástæða þessa er að á árinu 2018 lauk svokölluðu þrotabúsverkefni sem fólst í að fara í gegnum tæpa 3.000 hillumetra af þrotabúum sem afhent höfðu verið safninu til varðveislu. Við yfirferðina voru bókhaldsskjölum að stærstum hluta fargað en gögn sem höfðu varðveislugildi tekin til varðveislu. Að lokum var um 2.300 hillumetrum af bókhaldsskjölum þrotabúa fargað sem skýrir fækkun hillumetra í safnkosti Þjóðskjalasafns á milli ára.

## Afhendingar rafrænna gagna

Árið 2018 voru afhentar sex vörsluútgáfur rafrænna gagna frá afhendingarskyldum aðilum, jafnmargar og árið 2017. Umfang vörsluútgáfanna sex nemur um 34 gígabætum. Umfang vörsluútgáfanna er ekki mikið enda er um afhendingar úr rafrænum gagnagrunnum að ræða sem innihalda venslaðar töflur. Í lok árs 2018 hafa því verið afhentar 28 vörsluútgáfur rafrænna gagna frá árinu 2010 þegar rafræn skjalavarsla hófst í Þjóðskjalasafni. Samtals varðveitir Þjóðskjalasafn 162 gígabæt rafrænna gagna í vörsluútgáfum.

**Fjöldi afhentra pappírsskjalasafna árið 2014-2018**




**Fjöldi afhentra rafrænna vörsluútgáfa**




**Rafrænar vörsluútgáfur afhentar í Gb.**




## Grisjunarbeiðnir

Afhendingarskyldir aðilar mega skv. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn ekki eyða neinu skjali í skjalasöfnum sínum nema með heimild þjóðskjalavarðar, í samræmi við reglur sem settar eru á grundvelli laganna eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði. Til þess að fá heimild þjóðskjalavarðar fyrir grisjun skjala þarf að sækja um hana á sérstöku eyðublaði, svokallaðri grisjunarbeiðni. Hver grisjunarbeiðni er tekin til skoðunar af skjalavörðum safnsins áður en hún er lögð fyrir grisjunarráð Þjóðskjalasafns sem er þjóðskjalaverði til ráðgjafar um afgreiðslu slíkra mála. Á árinu 2018 bárust Þjóðskjalasafni 66 beiðnir um grisjun skjala afhendingarskyldra aðila. Þar af var eyðing skjala heimiluð í 51 tilviki en hafnað í 10 tilvikum. Þá var ein beiðni samþykkt að hluta og fjórar beiðnir sem bárust þar sem heimild var þegar til staðar og átti því ekki við.

## Málalyklar og skjalavistunaráætlanir

Afhendingarskyldir aðilar eiga að nota málalykla til að halda skipulagi á málasafni sínu og þurfa þeir að uppfylla reglur nr. 572/2015 um málalykla afhendingarskyldra aðila. Jafnframt eiga afhendingarskyldir aðilar að hafa yfir að ráða skjalavistunaráætlun til að unnt sé að hafa yfirlit

**Grisjunarbeiðnir árið 2018**




**Samþykktir málalyklar 2008 – 2018**




yfir skjalasafnið og allar ákvarðanir sem hafa verið teknar um það. Skjalavistunaráætlanir eiga að uppfylla reglur nr. 571/2015.

Árið 2018 var samþykktur 41 málalykill og hafa aldrei verið samþykktir jafnmargir á einu ári. Þessa fjölgun má rekja til þess að framhaldsskólar gerðu átak í skjalamálum sínum á árinu sem fól m.a. í sér að fá samþykkta málalykla. Alls voru 20 málalyklar framhaldsskóla samþykktir á árinu.

Eins og fyrra ár bárust aðeins tvær skjalavistunaráætlanir til samþykktar árið 2018 og voru báðar samþykktar af safninu. Það er áhyggjuefni hversu hægt innleiðing skjalavistunaráætlana gengur hjá afhendingarskyldum aðilum. Þó hefur ráðgjöf um skjalavistunaráætlanir aukist á milli ára og má rekja það til nýrrar persónuverndarlöggjafar sem tók gildi á árinu 2018 en upplýsingar í skjalavistunaráætlun nýtast við gerð vinnsluskrár sem kveðið er á um í lögunum.

## Rafræn skjalavarsla

Árið 2018 bárust 19 tilkynningar um rafræn gagnakerfi, öll voru um rafræn skjalavörslukerfi. Tilkynning á rafrænum gagnakerfum er undanfari afhendingar á vörsluútgáfu rafrænna gagna til Þjóðskjalasafns. Þegar tilkynning um rafrænt gagnakerfi berst safninu eru gögn í hinu rafræna gagnakerfi metin og í framhaldinu úrskurðað um hvort varðveita eigi upplýsingarnar í kerfinu. Árið 2018 var úrskurðað um varðveislu gagna í 19 gagnakerfum, þar af 18 rafrænum skjalavörslukerfum og einum gagnagrunni. Í úrskurðum er kveðið á um hvenær skuli afhenda gögnin í vörsluútgáfu til Þjóðskjalasafns og oftast er það einu til fimm árum eftir að úrskurðað er um varðveislu gagnanna.

## Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila

Undanfarin ár hefur Þjóðskjalasafn staðið fyrir reglulegum námskeiðum um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Á vormisseri 2018 voru auglýst fjögur námskeið á vegum safnsins en fella þurfti tvö þeirra niður vegna dræmrar þátttöku. Á hin námskeiðin tvö, sem bæði voru um rafræna skjalavörslu, mættu tíu manns. Auk þess stóð Þjóðskjalasafn fyrir tveimur sérstökum námskeiðum, sem óskað var eftir, þ.e. fyrir Háskólann á Akureyri í mars og Hafnarfjarðarbæ í október.

Vegna dræmrar þátttöku á auglýst námskeið safnsins var ákveðið að auglýsa ekki ný námskeið haustið 2018 heldur leggja aukna áherslu á ráðgjöf til afhendingarskyldra aðila, útgáfu leiðbeiningarrita og gerð fræðslumyndbanda. Í febrúar og mars 2018 voru níu ný fræðslumyndbönd gefin út og eru aðgengileg á vef safnsins og á Youtube-rás Þjóðskjalasafns. Átta þeirra voru um frágang og skráningu pappírsskjala auk fyrirlesturs um varðveislu upplýsinga og ný persónuverndarlög. Undir lok ársins 1918 voru fræðslumyndbönd Þjóðskjalasafns orðin 17 talsins. Í nóvember var svo endurnýjað leiðbeiningarrit um skjalavistunaráætlun gefið út á vef safnsins.

### Fjöldi tilkynninga eftir árum frá 2015–2018




### Fjöldi úrskurða eftir árum frá 2015–2018




Á árinu 2018 hófu ráðgjafar Þjóðskjalasafns að skrá skipulega niður skriflegar fyrirspurnir sem bárust um skjalavörslu og skjalastjórn. Á árinu voru skráðar alls 297 fyrirspurnir frá afhendingarskyldum aðilum um skjalavörslu og skjalastjórn. Flestar fyrirspurnir voru um rafræna skjalavörslu eða 71, 46 um málalykla og 38 um frágang og skráningu pappírsskjalasafna.

Þjóðskjalasafn hefur gefið út rafrænt fréttabréf frá árinu 2014, *Skjalafréttir*. Markmið er að koma fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn til afhendingarskyldra aðila og þeirra sem áhuga hafa á faginu. Undir lok árs 2018 voru 405 áskrifendur að *Skjalafréttum* en út komu 11 tölublöð á árinu.

Auk þess voru öll eldri tölublöð gerð aðgengileg á vef Þjóðskjalasafns á árinu en frá upphafi hafa komið út 50 tölublöð.

## Frágangur og skráning skjalasafna

Í Þjóðskjalasafni vinna að jafnaði um 2-3 starfsmenn að frágangi og skráningu pappírsskjalasafna. Annars vegar er um að ræða vinnu við frágang skjalasafna, sem hafa borist safninu fyrr á árum eða jafnvel áratugum og eru ófrágengin og óskráð. Þar er um að ræða fortíðarvanda sem reynt hefur verið að vinna á jafnt og þétt. Hins vegar berast safninu skjalasöfn þar sem fylgt hefur fjármagn til skráningar.

### Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn árið 2018



Fyrir umfangsmikil skjalasöfn greiða afhendingaraðilar, hvort sem um er að ræða einkaaðila eða afhendingarskylda aðila, oftast fyrir frágang og skráningu safnanna. Fyrir minni skjalasöfn, í öllum tilfellum einkaskjalasöfn, vinna starfsmenn safnsins að frágangi og skráningu eftir því sem tími gefst til. Auk þessa er unnið að frágangi og skráningu á eldri safnkosti en hluti hans er ófrágenginn og óskráður og þar með óaðgengilegur til notkunar.

Á árinu 2018 var m.a. unnið að endurskráningu á teikningasafni Húsameistara ríkisins og sjúkraskrám. Þá var unnið að nýskráningu skjalasafns Ólafs Ragnars Grímssonar fyrrum forseta Íslands og eldri skjala frá fjármálaráðuneytinu svo dæmi séu tekin. Alls voru um 300 hillumetrar af gögnum skráðir í gagnagrunn safnsins á árinu 2018.

## Þrotabúsverkefni

Vinna við stóran hluta þrotabúa, sem Þjóðskjalasafni höfðu borist undanfarna áratugi lögum samkvæmt, hófst um miðjan júní 2017. Þeirri vinnu lauk formlega 5. október 2018. Vinna við þrotabúin fólst í því að fara yfir tæplega 3 hillukílómetra af skjölum þrotabúa sem varðveitt voru á vörubrettum, taka út skjöl sem hafa varðveislugildi, s.s. fundargerðir, bréf, ársreikninga og málsskjöl, og eyða bókhaldsskjölum með litlu varðveislugildi. Á þeim tíma sem þrotabúsverkefnið stóð yfir fóru fjórir starfsmenn í tæplega tveimur stöðugildum yfir samtals 2.724 hillumetra af skjölum sem voru á 291 vörubretti. Af því voru 411 hillumetrar varðveittir. Í verkefninu voru 1.167 þrotabú og eru varðveitt skjöl úr 1.004 búum. Grisjaðir voru 2.313 hillumetrar af bókhaldsskjölum úr tæplega 570 þrotabúum. Ásamt því að skrá öll skjöl sem varðveitt voru í verkefninu var einnig skráð niður hverju var eytt. Samtals fóru 29 mannmánuðir í verkefnið.

Ýmislegt áhugavert kom í ljós við frágang og skráningu þrotabúanna. Nokkuð algengt var að finna stimpla og lykla og jafnvel peninga í nokkrum þrotabúum. Í þrotabúi Álafoss kom sýnishorn fatnaðar í ljós og finna má sýnishorn og bæklinga yfir vörur í til dæmis þrotabúi Kaupfélags Patreksfjarðar, KRON, Álafoss og fleiri. Teikningar og ljósmyndir má finna í þó nokkrum þrotabúum. Þá er ótaldar allar fundargerðabækur, bréfasöfn og annað sem kom upp úr kössunum og er nú orðið aðgengilegt almenningi.

## Skráning hagsögugagna

Fyrir áratugum var verslunargögnum, víða af á landinu, safnað í sérstakt skjalasafn innan Þjóðskjalasafns, sem fékk heitið Hagsögusafn. Þetta er gríðarstórt safn verslunarbóka og annarra gagna sem tengjast hagsögu. Að stofni til eru bækurnar frá 19. öld en þó nokkur hluti þeirra teygir sig til þeirrar 20. Öðrum þræði snerta þessar bækur sögu veiða og bátaútgerðar, enda ráku margar verslanir útgerð, samhliða hefðbundinni verslun. Í safninu er einnig að finna hagsögulegar heimildir um togaraútgerð á fyrri hluta 20. aldar og ýmsa aðra starfsemi, svo sem iðnað og framleiðslu. Því miður hefur safnið ekki verið nægilega aðgengilegt enda á margan hátt flókið verkefni að gera leitarbæra skrá yfir þessi fjölbreyttu gögn. Í byrjun október



Hluti þeirra gagna þrotabúa sem voru skráð og grisjuð á árinu 2018.




Skráning hagsögugagna í Þjóðskjalasafni.

2018 hófst lokaáfanginn í skráningu safnsins og sér nú fyrir endann á verkinu. Gert er ráð fyrir að skjalaskrá yfir þetta safn verði sett á vefinn á árinu 2019.

## Forvarsla

Forvörsluverkstæði Þjóðskjalasafns sér um forvörslu á skjölum safnsins og að tryggja að varðveisluaðstæður séu eins góðar og mögulega er unnt. Eitt af reglubundnum verkefnum forvörslunnar er að taka við viðgerðarbeiðnum frá lestrarsal safnsins og var tekið við nokkrum slíkum verkefnum á árinu. Annað reglubundið verkefni forvörslu er að sinna eftirliti í geymslum, t.d. skordýravöktun og umhverfismælingar m.a. á hita- og rakastigi.

Eitt af megin verkefnum ársins var undirbúningsvinna vegna skönnunarverkefnis í samstarfi við Family Search. Fyrst þurfti að meta ástand skjalana og síðan gera við þau sem ekki stóðust ástandsskoðun. Styrkjandi forvörslu á manntalsbókum frá 1930 lauk á árinu en það var stórt verkefni sem hófst árið 2012. Þá tók forvarslan einnig við mygluðum skjalabókum úr Hagsögusafninu sem verið er að skrá og ganga frá. Bækurnar voru mygluhreinsaðar og gert við þar sem átti við.

Á árinu var hafin vinna við gerð fræðslumyndbanda um forvörslu sem munu vera til sýnis á heimasíðu og koma að einhverju leyti í stað námskeiða.

Starfsmenn forvörslu koma að undirbúningi sýninga, uppsetningu þeirra og niðurtöku. Meðal sýninga, sem settar voru upp á árinu, voru Lífsblómið, samsýning Þjóðskjalasafns, Listasafns Íslands og Árnastofnunar í Listasafni Íslands og Dunganon, á vegum Listasafns Íslands. Þá var reglubundin eftirfylgni með sýningunni Sjónarhorn í Safnahúsinu, en á sýningunni eru meðal annars skjöl úr safnkosti Þjóðskjalasafns.

Forvörður safnsins var einn skipuleggjenda alþjóðlegrar ráðstefnu á vegum Íslandsdeildar NKF, Cultural heritage facing catastophe: Prevention and recoveries, sem haldin var í Hörpu 26.–28. september.



Olga Dagmar Erlendsdóttir og Karen Sigurkarlsdóttir við störf á forvörsluverkstæði safnsins.

# 6.

# AÐGENGI OG ÞJÓNUSTA

## Skjalaskrá og einkaskjalasafn.is

Í skjalaskrá Þjóðskjalasafns, sem aðgengileg er á vef safnsins, er að finna upplýsingar um hluta skjalasafna sem varðveitt eru á safninu. Enn er einungis hluti safnkostsins skráður í rafrænu skjalaskrána en færslum í hana fjölgar jafnt og þétt. Á árinu 2018 voru 695 skjalasöfn skráð í rafræna skjalaskrá safnsins sem nemur tæplega 38.000 öskjum. Er það nokkur fjölgun frá fyrra ári þegar 228 skjalasöfn voru skráð í skjalaskrána sem innihélt 15.200 öskjur. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til átaksverkefnis í frágangi og skráningu þrotabúa sem lauk á árinu 2018. Af þeim 695 skjalasöfnum sem voru skráð í rafræna skjalaskrá voru 512 skjalasöfn þrotabúa. Færslur í innri skjalaskrá voru tæplega 760.000 í lok árs 2018 sem gerir fjölgun um 80.000 á milli ára. Í ytri skjalaskrá safnsins eru birtar skjalaskrár fyrir almenning, sem hafa verið yfirlesnar með tilliti til persónuverndarsjónarmiða, og var fjöldi færslna í henni í lok árs um 630.000.

Í upphafi ársins, á Safnanótt, var opnuð ný birtingarmynd skjalaskrárinnar á vefnum. Tilgangur hennar er að auðvelda almenningi leit. Áfram verður unnið að þróun skjalaskrárinnar og að birta gögn til hagsbóta fyrir notendur.

Þjóðskjalasafn rekur vefinn **einkaskjalasafn.is** – samskrá yfir einkaskjalasöfn en vefurinn er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafna og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Á vefnum birtir 21 vörslustofnun upplýsingar um einkaskjalasöfn í vörslu þeirra. Undir lok árs 2018 voru upplýsingar um rúmlega 7.000 einkaskjalasöfn á vefnum, þar af 1.000 einkaskjalasöfn sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni.

**Fjöldi askja í útlán 2016–2018**




**Fjöldi askja í útlán 2018**



## Útlán og notkun skjala

Árið 2018 voru 5.365 öskjur pantaðar úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal, til innanhússnota, vegna láns til skjalamyndara eða vegna millisafnaláns. Er það nokkur fækkun frá fyrra ári þegar 6.031 askja var lánuð út. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til þess að færri öskjur voru lánaðar til skönnunar en árið á undan, þannig voru 345 öskjur færðar til skönnunar árið 2018 á móti tæplega 1.400 árið 2017. Á lestrarsal voru lánaðar tæplega 4.000 skjalaöskjur og rúmlega 900 til innanhússnota en slíkt tengist oftast afgreiðslu fyrirspurna og rannsóknum starfsfólks, t.d. í þjóðlendumálum.

## Fyrirspurnir vegna safnkosts

Starfsfólk Þjóðskjalasafns svarar margs konar fyrirspurnum frá viðskiptavinum sem eru að leita að upplýsingum í þeim safnkosti sem safnið varðveitir. Fyrirspurnirnar geta verið mismunandi að umfangi. Stundum er um að ræða einfalda uppflettingu í gögnum en í mörgum tilfellum eru beiðnirnar mun flóknari og krefjast umfangsmeiri vinnu. Skráðar fyrirspurnir vegna safnkosts á árinu 2018 voru 1.559 en árið 2017 voru þær 1.538. Þó ber að geta þess að upplýsingasöfnun vegna fyrirspurna er í þróun og tölurnar því ekki fyllilega sambærilegar milli ára. Flestar fyrirspurnir voru vegna leitar að þinglýstum gögnum í veðmálabókum sem er að finna í skjalasöfnum sýslumanna, eða 346.

| Skráðar fyrirspurnir 2018 | Fjöldi |
|---|---|
| Veðmálabækur | 346 |
| Almennar fyrirspurnir | 312 |
| Afgreitt á lestrarsal | 193 |
| Beiðnir um skjöl háð aðgangstakmörkunum | 133 |
| Skattframtöl | 83 |
| Prestsþjónustubækur/sóknarmanntöl | 79 |
| Jarðir og landeignir | 68 |
| Vottorð um námsferil | 57 |
| Bygginga- og skipulagsteikningar | 57 |
| Útlán (skjalamyndarar, millisafnalán o.fl.) | 50 |
| Margþættar fyrirspurnir | 46 |
| Einstaklingssaga / æviþættir | 43 |
| Sögulegir atburðir | 21 |
| Atvinnuvegir | 20 |
| Samgöngur og farartæki | 17 |
| Skipa- og lögskráningar | 10 |
| Aðrar beiðnir | 24 |
| Samtals | 1.559 |





## Heimsóknir á lestrarsal

Lestrarsalur Þjóðskjalasafns er opinn öllum gestum sem óska eftir að skoða skjöl úr safnkostinum. Hann er opinn alla virka daga frá kl. 10–17 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 10–16 á föstudögum. Á árinu 2018 voru heimsóknir á lestrarsal samtals 2.236. Árið 2017 voru heimsóknir á lestrarsal 2.505 og því fækkaði gestakomum um 12% á milli ára.

Eins og fyrra ár voru karlar í meirihluta þeirra sem notuðu lestrarsalinn eða 70% á móti 30% kvenna. Ástæða þessarar fækkunar milli ára er líklega sú að fleiri heimildir úr safnkostinum eru nú aðgengilegar á vef safnsins en áður, s.s. allar kirkjubækur sem ættfræðingar nota mikið og þurfa því ekki að gera sér ferð á lestrarsal safnsins til að nýta sér heimildirnar.

**Fjöldi gesta í lestrarsal 2017–2018**



# 7.

# RANNSÓKNIR OG MIÐLUN

Rannsóknir eru fastur liður í starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands. Um árabil hefur verið unnið að útgáfu heimilda og rannsóknir tengdar þeim verkefnum. Unnið er að útgáfu á skjölum Landsnefndarinnar fyrri 1770-1771, kvikfjártali Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá upphafi 18. aldar og að rannsókn á sóknum og prestaköllum landsins. Stærsta rannsóknarverkefni safnsins tengist rannsóknum á landareignum og réttindum þeim tengdum í tengslum við starf óbyggðanefndar. Það verkefni hefur staðið yfir frá árinu 2004.




Auk þessara verkefna sem Þjóðskjalasafn stendur fyrir hefur safnið tekið þátt í nokkrum verkefnum sem tengjast fræðimönnum við Háskóla Íslands. Þar á meðal má nefna þátttöku í stóru verkefni um efnismenningu á Íslandi, þar sem Þjóðskjalasafn vinnur að skráningu og birtingu dánarbúa, þátttöku í skráningu og birtingu sáttabóka og verkefni þar sem kvikfjártalið kemur við sögu. Jarðskjálftagögn sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni, tengjast verkefni raunvísindastofnunar um gerð gagnagrunns um jarðskjálfta á Íslandi frá upphafi mælinga.

## Þjóðlenduverkefnið – Óbyggðanefnd

Á starfsárinu 2018 var í Þjóðskjalasafni unnið við gagnaöflun á völdum svæðum í tengslum við þjóðlenduverkefnið. Gagnaöflunin er háð starfi óbyggðanefndar, sjálfstæðrar úrskurðarnefndar sem hefur það hlutverk að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda, mörk hluta þjóðlendna sem nýttar eru sem afréttir og að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Leitað var gagna vegna svæðis 9B, Snæfellsnes ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandarhreppi, þau afrituð og í flestum tilfellum skrifuð upp. Sömuleiðis var lögð lokahönd á sögulega greinargerð vegna svæðisins. Í ágúst fóru tveir starfsmenn þjóðlenduverkefnisins í vettvangsferð um svæðið ásamt óbyggðanefnd, lögmönnum ríkisins og lögmönnum landeigenda. Einnig var á árinu ráðist í undirbúning að gagnaöflun fyrir svæði 10A, Strandasýslu og 10C, Barðastrandarsýslur.

Ennfremur var unnið við efnisskráningu dóma- og þingbóka sýslumanna í þar til gerðan gagnagrunn. Dómabókaskráningin er mikilvægur hluti rannsóknarvinnu þjóðlenduverkefnisins. Efnisskráningin náði yfir dóma- og þingbækur Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslna, en lokið var við að skrá efni 17 bóka úr Barðastrandarsýslu. Stefnt er að því að efnisskráningu bóka úr Ísafjarðarsýslum verði lokið um mitt ár 2019, en þær eru 58 talsins. Í heild hafa verið skráðar um 120.000 færslur í grunninn.

## Stafræn afritun í samstarfi við FamilySearch

Á árinu 2018 störfuðu Susan og Richard Huff frá FamilySearch í Þjóðskjalasafni við stafræna afritun skjala. Þau komu fyrst til starfa í apríl 2017 og luku störfum sínum hér um miðjan september 2018. Á árinu 2018 luku þau við afritun manntala fram til 1940, auk gagna úr sýsluskjalasöfnum, sem nánar eru tilgreind hér á eftir. Á starfstíma sínum hér voru afköst þeirra Huff hjóna sem hér segir:

| Skjalaflokkur | Fjöldi mynda |
|---|---|
| Manntöl | 133.950 |
| Prestsþjónustubækur | 138.892 |
| Dómabækur | 20.470 |
| Skiptabækur | 6.710 |
| Skiptabækur, fylgiskjöl | 77 |
| Manntalsbækur | 944 |
| | |
| **Samtals** | **301.043** |
| **Síður alls** | **602.086** |

Þegar um bækur er að ræða er ávallt ein opna á mynd, eða tvær blaðsíður. Stærstur hluti þeirra gagna sem afrituð voru eru þegar orðin aðgengileg á vefsíðu safnsins.

## Nordisk Arkivnyt og Nordisk Arkivportal

Ákveðið var að færa tímaritið Nordisk Arkivnyt yfir í stafræna útgáfu og hætta prentútgáfu þess. Tímaritið, sem hefur verið gefið út af ríkisskjalasöfnum Norðurlanda frá árinu 1956, kemur eftir sem áður út fjórum sinnum á ári og birtist á sameiginlegum vef skjalasafnanna á Norðurlöndum, Nordisk Arkivportal. www.nordiskarkivportal.org. Nordisk Arkivportal er samstarfsverkefni skjalasafna á Norðurlöndunum og er þar að finna, auk Nordisk Arkivnyt ýmsar upplýsingar um starfsemi skjalasafna, tölfræði, samstarfsverkefni o.fl.

## Skráningarverkefni á Ísafirði

